

Aðalfundur LÍ
8. og 9. nóvember 2018

Ályktun **um rafrettur og reykingar**

Í ljósi nýbirtra lýðheilsuvísa frá Landlækni sem sýna að ríflega 22% tíundubekkinga reyktu rafrettur einu sinni eða oftar sl. mánuð þykir aðalfundi Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 8. og 9. nóvember 2018 rétt að bregðast við.

Fundurinn skorar á yfirvöld að stöðva án tafar sölu á rafrettum eftir því fyrirkomulagi sem nú er, því rafrettur eru hættulegar. Finna þarf viðeigandi lausn á sölu rafretta sem hjálpartækja til að hætta reykingum, t.d í apótekum. Núverandi sölufyrirkomulag er óásættanlegt. Sá árangur sem Íslendingar hafa náð í að minnka reykingar barna er á heimsmeðlíkvarða en honum er stefnt í hættu með núverandi fyrirkomulagi á sölunni.